

Reglugerð um innleiðingu ákvörðunar nr. 24/54 frá 6. maí 1954 varðandi reglugerð um framkvæmd 1. mgr. 66. gr. sáttmálans um yfirráð í fyrirtæki.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 14. tl. XIV. viðauka, gildir hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIV. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Eftirtalin EB-gerð gildir því hér á landi:

Ákvörðun nr. 24/54 frá 6. maí 1954 varðandi reglugerð um framkvæmd 1. mgr. 66. gr. sáttmálans um yfirráð í fyrirtæki.

2. gr.

Ákvörðun nr. 24/54 hefur áður verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérriti S41, bls. 114-115.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi I-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993 um efnislegar samkeppnisreglur samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. september 2006.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Jónína S. Lárusdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.